

**6. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, mánudaginn 26. janúar 2015  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Lilja Magnúsdóttir (LI) aðalmaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi, Elfar Steinn Karlsson (ESK) og Davíð Rúnar Gunnarsson (DRG) embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Elfar Steinn Karlsson,

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi og Árni Traustason byggingafulltrúi eru viðstaddir í gegnum fjarfundarbúnað.

Formaður óskar eftir afbrigðum við dagskrá, niður fellur liður 2, mál 1411089 - Umsókn um byggingarleyfi - Norður Botn. Við bætist mál nr.1407066 og 1501058.

**Dagskrá:**

**1. 1411073 - Umsókn um framkvæmdaleyfi**

Tekið fyrir erindi Tungusilungs, dagsett 21. október 2014 þar sem sótt er um leyfi til að reisa 3 fiskeldisköe innan við Eysteinseyrará. Meðfylgjandi er erindi og myndir sem sýna staðsetningu kerjanna ásamt samþykki landeiganda.

Framkvæmdin er byggingarleyfisskyld og þarf því að vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Erindinu er hafnað á grundvelli þess að framkvæmdin er ekki í samræmi við aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 og ekki liggur fyrir deiliskipulag af svæðinu. Áður en hægt er að veita byggingarleyfi þá er nauðsynlegt að gerð verði breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 sem og nýtt deiliskipulag af svæðinu sem lýsir framkvæmdinni og umfangi hennar.

**2. 1501058 - Deiliskipulag - Bæjarvík**

Tekið fyrir erindi Bæjarvíkur ehf, skipulagslýsing fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinseyrar Tálknafirði sem Hugsjón ehf vinnur.

Bæjarvík ehf á Tálknafirði óskar eftir heimild til að láta vinna deiliskipulag fyrir athafnasvæði sitt í landi Gileyrar (Landnr 140293) og Eysteinseyrar (Landnr. 140291) við Tálknafjörð. Um er að ræða svæði I2 sem skilgreint er sem þorskeldi í aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 -2018.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir skipulagslýsinguna og að hún verði send til umsagnaraðila og kynt skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**3. 1407066 - Deiliskipulag fyrir fóðurstöð í Tálknafirði**

Tekið fyrir deiliskipulag fyrir fóðurstöð Fjarðalax, Háanesi (Stóri

Laugardalur) í Tálknafirði. Deiliskipulagið var auglýst með athugasemdafresti til 20.desember 2014, engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Umsagnir liggja fyrir frá Samgöngustofu dags. 28.08.2014, Minjastofnun Íslands dags. 25.08.2014 og heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 23.01.2015. Einnig liggur fyrir samþykki Umhverfis- og auðlindaráðuneytis fyrir undanþágu vegna fjarlægðar frá sjó og vegi, dags. 26.01.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að afgreiða það skv. 42.gr skipulagslaga nr. 123/2010.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00.**

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____